



**SHÍ**

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Sent á:

[urn@urn.is](mailto:urn@urn.is) ;

[mar@mar.is](mailto:mar@mar.is) ;

[gudny.ingadottir@urn.is](mailto:gudny.ingadottir@urn.is)

Selfossi 6. maí 2024

**Efni: Beiðni um tilnefningu í stýrihóp á vegum Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins og Matvælaráðuneytisins**

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) óskuðu eftir fresti til 6. maí 2024 með bréfi 9. apríl 2024 til að svara erindi Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins og Matvælaráðuneytisins dags. 25. mars sl. um að tilnefna fulltrúa SHÍ í stýrihóp á vegum nefndra ráðuneyta í framhaldi af skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits dags. í ágúst 2023 „til að fylgja eftir tillögum starfshópsins og undirbúa innleiðingu á nýju eftirlitskerfi“ – eins og segir m.a. í bréfinu.

Aðilar SHÍ komu saman til fundar um málið 1. maí sl. og niðurstaða samtakanna er að skipaður verði í þennan stýrihóp:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri hjá HEF og gjaldkeri SHÍ

Kt. 020961-2019

Netfang: [hordur@heilbrigdiseftirlit.is](mailto:hordur@heilbrigdiseftirlit.is)

SHÍ taka fram að niðurstaða ofangreindrar skýrslu dags í ágúst 2023 samrýmist ekki stefnu SHÍ en telur engu að síður nauðsynlegt hafa fulltrúa í stýrihópnum og hefði viljað hafa annan fulltrúa til vara þar sem um er að ræða verkefni heilbrigðiseftirlitssvæðanna sem stýrihópurinn á að fjalla um.

Ráðherra Umhverfis- orku- og auðlindamála hefur lýst þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að sveitarfélögin séu samþykkt breytingunum. SHÍ hefur efasemdir um að svo sé, auk þess sem komið hefur í ljós að sveitarfélögin hafa almennt ekki fengið kynningu á skýrslunni. Má spyrja hvort sveitarfélögin hefðu ekki átt að fá að taka þátt í vinnslu skýrslunnar þar sem heilbrigðiseftirlit er verkefni á þeirra ábyrgð? Ennfremur vantar töluvert upp á að nauðsynlegar greiningar hafi verið gerðar á því hvaða áhrif þessar róttæku breytingar hafi í för með sér fyrir sveitarfélögin, sem og fyrir fyrir neytendur og fyrirtæki og stofnanir í landinu.

f.h. Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Sigrún Guðmundsdóttir

ritari SHÍ

framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands